

234. fundur

Endurrit fundargerðar hreppsnefndar Reykhólahrepps 14. mars 2005

Fundurinn hófst kl. 15:15. Mættir allir aðalmenn nema Bjarki Stefán Jónsson. Í hans stað mættur Guðmundur Ólafsson varamaður. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

Oddviti bauð menn velkomna og las upp dagskrá. Oddviti tilkynnti enn fremur um fjögur mál undir liðnum “önnur mál” sem sveitarstjóri lagði fram. Samþykkt að taka þessi mál á dagskrá.

Var nú gengið til dagskrár:

A) Fundargerðir nefnda

- 1) Fundargerð 233. fundar hreppsnefndar 10. febrúar 2005. Sveitarstjóri fór yfir fundargerðina. Engar athugasemdir.
- 2) Fundargerðir byggingarnefndar íþróttahúss 17. febrúar og 22. febrúar 2005. Engar athugasemdir.

B) Aðrar fundargerðir og skýrslur

- 1) Skýrsla um SPA-heilsuhótel. Frestað þangað til Sigurbjörg Daníelsdóttir er komin á fundinn, en hún ætlar að kynna þetta mál ásamt sveitarstjóra.
- 2) Rísarækjueldi á Reykhólum, minnisblað Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða. Í minnisblaðinu kemur m.a. fram að Atvinnuþróunarfélagið er tilbúið að koma að endurskrift viðskiptaáætlunar með Reykhólahrepp í huga. Hreppsnefnd vill að þessu verki sé haldið áfram.
- 3) Möguleikar ferðamála- og útivistar í Reykhólahreppi, minnispunktur frá fundi 28. febrúar í tengslum við gerð aðalskipulags. Samþykkt að láta leggja styttri fuglaskoðunarstíg á Reykhólum og koma upp bekk við Einireykjahver.
- 4) 56. fundur Breiðafjarðarnefndar, fundargerð frá 26. janúar 2005. Engar athugasemdir.
- 5) Fjórðungssamband Vestfirðinga, þrjár fundargerðir stjórnar frá september og nóvember 2004 og febrúar 2005. Oddviti vakti athygli á 8. tölulið B-liðar fundargerðar frá 30. nóvember 2004. Þar kemur fram að lögð hafi verið fram drög að umsögn um framtíð Breiðafjarðarferjunnar Baldurs. Í fundargerðinni kemur fram að stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga taki ekki afstöðu til þessa erindis og vísi erindinu til sveitarstjórna á svæðinu til umsagnar. Ekkert slíkt erindi hefur borist og var sveitarstjóra falið að kanna hver ástæðan væri.
- 6) Menntaskólinn á Ísafirði, fundargerðir skólanefndar frá desember 2004 og febrúar 2005. Lagt fram til kynningar.
- 7) Heilbrigðisnefnd Vestfjarða, fundargerð 4. febrúar 2005. Sveitarstjóri kynnti enn fremur ársreikning Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða fyrir árið 2004.
- 8) Samband íslenskra sveitarfélaga, fundargerðir desember 2004 og janúar og febrúar 2005. Lagðar fram til kynningar.

Klukkan 17:00 kom Sigurbjörg Daníelsdóttir á Reykhólum á fundinn og var þá tekin fyrir skýrsla um SPA-heilsuhótel. Sveitarstjóri og Sigurbjörg greindu frá för sinni til Slóvakíu 1-6. mars, þar sem þau kynntu sér rekstur heilsuhótela í boði ESPA, European Spa Association. Sýnt var kynningarmyndband frá Slóvakíu. Talsverðar umræður urðu um þessi mál, enda þessar hugmyndir mjög áhugaverðar. Aðalfundur ESPA-samtakanna verður haldinn í Reykjavík um miðjan maí og í framhaldi af þeim fundi mun forseti ESPA koma til Reykhóla og halda þar fyrirlestur um möguleika Reykhóla á þessu sviði.

Í framhaldi af þessu ræddi Sigurbjörg um strandmenningarverkefnið NORCE. Gert er ráð fyrir að í hlut Reykhóla komi matarmenning. Hugmyndir eru uppi um uppskriftakeppni sem haldin væri á sérstökum Reykhóladegi, t.d. í júlímánuði. Þetta tengdist hlunnindasýningunni og um væri að ræða þjóðlegt hráefni eins og selkjöt, fuglakjöt o.s.frv.

Ákveðið að halda Reykhóladag 2. júlí.

Oddviti færði Sigurbjörgu þakkir og hún yfirgaf nú fundinn.

C) Mál til afgreiðslu

- 1) Möguleikar á kaupum á Hitaveitu Reykhóla af Orkubúi Vestfjarða, erindi frá Guðjóni D. Gunnarssyni á Reykhólum. Guðjón vill að athugaðir verði möguleikar á að ná eignarhaldi á hitaveitunni inn í hreppinn. Hreppsnefnd Reykhólahrepps vill láta kanna möguleika á þessu. Sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir.
- 2) Drög að breytingu á svæðisskipulagi Dalasýslu og Reykhólahrepps 1992-2012. Um er að ræða greinargerð sem er lögð fram til kynningar.
- 3) Nafn á væntanlegan veg um Arnkötuladal og Gautsdal. Hreppsnefnd leggur til að talað verði um Arnkötuladalssveg.
- 4) Ósk um styrk vegna kennslu svæðisleiðsagnar á Vestfjörðum og Snæfellsnesi, erindi frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Sveitarstjóri stakk upp á að fræðslumiðstöðin fengi frí afnot af skólanum undir kennsluna og að það yrði metið sem styrkur. Samþykkt.

D) Mál til kynningar

- 1) ISDN-tengingar við bæi í Gufudalssveit, bréfaskipti sveitarstjóra og Landssíma Íslands. Fram kemur að næstkomandi sumar verða gerðar ráðstafanir til að hægt verði að veita ISDN-þjónustu á umræddum bæjum í Gufudalssveit. Hreppsnefnd lýsir yfir ánægju sinni með þessar fréttir og treystir því að þetta muni ná til allra bæja í byggð.
- 2) Styrkir frá Ferðamálaráði Íslands til úrbóta í umhverfismálum í Reykhólahreppi. Styrkir fengust til að koma upp sögu- og fræðsluskilti í Flatey á Breiðafirði og til að setja upp fuglaskoðunaraðstöðu á Reykhólum.
- 3) Vestfjarðavíkingur 2005, erindi frá Guðmundi Oтра. Samþykkt að Reykhólahreppur taki þátt í þessu.
- 4) Dagvistun barna námsmanna, ályktun þings Iðnnemasambands Íslands október 2004. Lögð fram til kynningar.
- 5) Byggðaaætlun 2006-2009, erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga. Lagt fram til kynningar.
- 6) Kynnisferð sveitarstjórnarmanna til Brussel í apríl 2005, erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
- 7) Boðun 19. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga, erindi frá Sambandinu. Oddviti sækir þingið fyrir hönd hreppsins.

E) Önnur mál

- 1) Yfirlit yfir útleigu Reykhólaskóla sumarið 2005 (lagt fram til kynningar). Búið er að leigja skólann út fimm helgar undir ættarmót í júní og júlí. Að auki verða “Veraldarvinir” í skólanum í ágúst, en það eru útlendingar sem vinna að ýmsum verkefnum í sjálfböðavinnu. Athuga þarf þrif og tjaldstæði.
- 2) Íbúaskrá Reykhólahrepps 1. desember 2004. Íbúar voru 260 talsins. Lögð fram til kynningar.
- 3) Ferðablað Vestfjarða 2005. Erindi frá Hlyni Þór Magnússyni. Farið er fram á styrk til þessarar útgáfu. Samþykktur styrkur kr. 40.000,-
- 4) Kynning sveitarstjóra á ákveðnu máli, fundi lokað.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 21:50

Guðmundur Ólafsson (sign)

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Þórður Jónsson (sign)

Björk Bárðardóttir (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)